

11. október 2014 | Aðsent efni | 600 orð | 1 mynd

Atli minn! Þorvaldur var sýknaður

Eftir Jón Steinar Gunnlaugsson

Eftir Jón Steinar Gunnlaugsson: "Og fyrst Atli telur mig hafa framið gjörning sem jafna megi til þess sem Þorvaldur framdi á mér, er kannski rétt að rifja upp fyrir honum að Þorvaldur var sýknaður!"

Mikill er sá boðskapur sem Atli Gíslason hrl. boðar lesendum Morgunblaðsins í aðsendri grein í gær, föstudag. Í stuttu máli telur Atli að ekki skuli halla orðinu á dómara vegna dóma sem þeir kveða upp, sama hversu vitlausir þeir eru. Telur hann mig hafa farið með óréttmætum hætti að aðkomudómurinum þremur sem á dögunum í Hæstarétti sýknuðu Þorvald Gylfason af kröfu minni vegna meiðyrða hans um mig.

Örstutt upprifjun á sakarefni málsins er þessi: Þorvaldur sagði í háskólaritgerð að orðrómur væri um að ég hefði samið eina af kærunum vegna kosninganna til stjórnlagabings. Síðan hefði ég sem dómari við Hæstarétt stjórnað afgreiðslu hennar þar sem fallist hefði verið á að ógilda kosninguna vegna annmarka sem voru á framkvæmd hennar. Hér var skrúflulaust dylgjað um að ég hefði brotið með refsiverðum hætti gegn starfsskyldum mínum sem dómari við Hæstarétt Íslands. Málsvörn sína byggði Þorvaldur á því að hann hefði bara verið að breiða út orðróm, þar sem þetta hefði áður birst í sandkorni í DV og líka því að segja mætti þetta um mig þar sem ég hefði verið þátttakandi í almennum umræðum um þjóðmálin.

Í 235. gr. almennra hegningarlaga segir svo: „Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

Í þessu felst að það skuli teljast brot í sjálfu sér að bera aðdróttun út. Engin vörn getur því falist í að vísa til þess, eins og dómarnir gerðu í forsendum sínum, að þessi áburður hefði áður birst í DV.

Síðan birtu dómarnir í forsendunum staðhæfingu sem fól það í sér að á annan veg hefði verið dæmt ef annar dómari en ég hefði verið borinn þessum dylgjum um refsivert brot í starfi. Sagt er í forsendum dómsins að ég hafi á löngum starfsferli mínum, meðal annars á þeim tíma sem ég var skipaður hæstaréttardómari, tekið virkan þátt í þjóðfélagsumræðu um ýmis málefni og verið talsmaður þess að dómarnir verði að þola gagnrýni á störf sín á opinberum vettvangi. Halelúja! Hvernig getur þetta verið réttlæting fyrir útbreiðslu á dylgjum um að ég hafi brotið hegningarlög með því að semja erindi til Hæstaréttar og stjórnað afgreiðslu þess þar?

Þetta er svo glórlaus vitleysa að enginn lögfræðimenntaður maður ætti að geta látið hana frá sér fara. Aðrar ástæður en fylgispekt við aðferðir lögfræðinnar hljóta að hafa valdið þessu. Sá sem fyrir svona ódæmum verður hlýtur að hafa heimild til að velta fyrir sér ástæðum þess að fólkíð beygir sig svo í duft ruglsins. Það gerði ég og nefndi til sögunnar þá skýringu sem er eiginlega sú eina sjáanlega, dómarnir væru að reyna að ganga í augun á vinahópnum sem öllu ræður í dómskerfinu og ákveður hverjir skuli verða dómarnir við Hæstarétt. Svo var það skrítið, svo ekki sé meira sagt, að sóttir skyldu hafa verið dómarnir í Héraðsdóm Reykjavíkur til að dæma á áfrýjunarstigi um dómsúrlausn kollega síns við sama embætti og skrafbróður á kaffistofu þess. Nóg var um aðra kosti við val á dómurum.

Greinilegt er að Atli lögmaður hallast að því að maður sem fær dóm með svona vitlausum forsendum eigi helst að þegja. Allavega megi hann ekki geta sér til um ástæður hans. Og fyrst Atli telur mig hafa framið gjörning sem jafna megi til þess sem Þorvaldur framdi á mér, er kannski rétt að rifja upp fyrir honum að Þorvaldur var sýknaður! Ég gerði dómurinum allavega ekki annað en þeir höfðu talið Þorvaldi heimilt að gera mér. Nema Atli telji, eins og þeir, að annar réttur eigi að gilda um mig en aðra borgara?



Jón Steinar Gunnlaugsson

Höfundur er lögfræðingur.

mbl.is/Árvakur hf. © 2014 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100